

# 53. AÐALFUNDUR SAMTAKA SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



---

HÓTEL HAMAR  
16. MARS 2022

# DAGSKRÁ AÐALFUNDAR 2022

---

AÐALFUNDUR SSV 2022 HALDINN Á HÓTEL HAMRI Í BORGARBYGGÐ

**Miðvikudagurinn 16. mars 2022**

## **Dagskrá**

1. Skýrsla stjórnar SSV um starfsemi liðins árs
2. Ársreikningur SSV og skýrsla endurskoðanda
3. Fjárhagsáætlun 2022 – var samþykkt á Haustþingi SSV 2021
4. Starfsáætlun 2022 – var samþykkt á Haustþingi SSV 2021
5. Kosning stjórnar og varastjórnar – ekki kosið í stjórn á þessum fundi
6. Kosning í nefndir sem starfa milli aðalfunda – ekki kosið í nefndir að þessu sinni
7. Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda
8. Kosning endurskoðanda
9. Önnur mál löglega fram borin

# FULLTRÚAR OG GESTIR Á AÐALFUNDI SSV 2022

---

## AKRANES

---

Elsa Lára Arnardóttir, bæjarfulltrúi  
Ragnar B. Sæmundsson, bæjarfulltrúi  
Bára Daðadóttir, bæjarfulltrúi  
Rakel Óskarsdóttir, bæjarfulltrúi  
Einar Brandsson stjórn SSV

## BORGARBYGGÐ

---

Davíð Sigurðsson, sveitarstjórnarfulltrúi  
Magnús Smári Snorrason, sveitarstjórnarf.  
Lilja Björg Ágústsdóttir sveitarstjórnarf.  
Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri

## DALABYGGÐ

---

Eyjólfur I. Bjarnason, oddviti  
Ragnheiður Pálsdóttir, sveitarstjórnarf.  
Kristján Sturluson, sveitarstjóri

## EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

---

## GRUNDFJARÐARBÆR

---

Jósef Ó. Kjartansson, bæjarfulltrúi  
Sævör Þorvarðardóttir, bæjarfulltrúi  
Bjarni Sigurbjörnsson, bæjarfulltrúi  
Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri

## HELGAPELLSSVEIT

---

Sif Matthíasdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi

## HVALFJARÐARSVEIT

---

Brynja Þorbjarnardóttir  
sveitarstjórnarfulltrúi  
Elín Ósk Gunnarsdóttir, sveitarstjórnarf.  
Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstjóri

## SKORRADALSHREPPUR

---

Árni Hjörleifsson, oddviti  
Ástríður Guðmundsdóttir, stjórn SSV

## SNÆFELLSBÆR

---

Björn H. Hilmarsson, bæjarfulltrúi  
Auður Kjartansdóttir, bæjarfulltrúi  
Svandís J. Sigurðardóttir, bæjarfulltrúi  
Fríða Sveinsdóttir, bæjarfulltrúi  
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

## STYKKISHÓLMSBÆR

---

Lárus Ástmar Hannesson, bæjarfulltrúi  
Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, bæjarfulltrúi  
Haukur Garðarsson, bæjarfulltrúi  
Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri

## STARFSMENN SSV

---

Hrefna Bryndís Jónsdóttir  
Margrét Björk Björnsdóttir  
Ólafur Sveinsson  
Ólöf Guðmundsdóttir  
Páll S. Brynjarsson  
Sigursteinn Sigurðsson  
Svala Svavarsdóttir  
Sædís Björk Þórðardóttir

## FULLTRÚAR OG GESTIR EFTIRFARANDI SAMSTARFSADILA SSV Á VESTURLANDI

---

Starfsendurhæfing Vesturlands  
Símenntunarmiðstöð Vesturlands  
Heilbrigðisnefnd Vesturlands  
Sorpurðun Vesturlands

---

## FUNDARSETNING

---

Lilja Björg formaður SSV setti fundinn og bauð fulltrúa og gesti velkomna. Hún lagði til að Linda Björk Pálsdóttir yrði fundarstjóri og var það samþykkt. Þá kynnti hún tillögur um aðra embættismenn fundarins. Fundarstjóri tók við fundarstjórn.

**Fundarstjóri:** Linda Björk Pálsdóttir

**Fundarritari:** Svala Svavarsdóttir

**Kjörbréfanefnd:** Brynja Þorbjörnsdóttir og Fríða Sveinsdóttir

Tillaga um starfsmenn fundarins - **Samþykkt samhljóða**

---

### 1. SKÝRSLA STJÓRNAR

---

Fundarstjóri gaf Lilju Björg formanni SSV orðið til að flytja skýrslu stjórnar.

Lilja fór yfir praktísk atriði svo sem lög og markmið samtakanna og íbúatölur á Vesturlandi.

Aðalfundur SSV var haldinn á Hótel Hamri í Borgarnesi 24. mars 2021. Verkefni aðalfundar er fyrst og fremst að gera upp undangengið ár. Á sama degi og aðalfundur SSV fór fram héldu aðrir samstarfsaðilar sem að öllu leyti eða hluta til eru í eigu sveitarfélaga sína aðalfundi. Reynsla síðustu ára sýnir að markmiðið með þessum breytingum um að tryggja betra upplýsingaflæði og betri mætingu á aðalfundi tengdra aðila er að ganga eftir. Á aðalfund SSV mættu 40 fulltrúar og gestir.

Haustþing SSV 2021 fór fram í Árbliki í Dalabyggð þann 29 september. Alls sátu þingið 50 fulltrúar og gestir. Á fundinum voru lagðar fram tillögur að fjárhags- og starfsáætlunum fyrir árið 2022 og voru báðar tillögurnar samþykktar samhljóða. Fundarmenn störfuðu í fjórum nefndum á Teams í aðdraganda þingsins: fjárhagsnefnd, samgöngunefnd, atvinnumála- og umhverfisnefnd og nefnd um opinbera þjónustu, auk þess sem að nefndirnar störfuðu á þinginu. Í lok fundar lögðu nefndirnar fram sínar ályktanir sem hlutu samþykki fundarins. Ávörp gesta fluttu Hólmfríður Sveinsdóttir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu og Guðjón Bragson Sambands íslenskra sveitarfélaga. Einnig flutti ávarp Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri á Akranesi, en hann er formaður vinnuhóps um stafræna umbreytingu sveitarfélaga. Sérstakt þema fundarins voru raforkumál. Um þemað voru pallborðsumræður sem Hlédís Sveinsdóttir stýrði. Í pallborði sátu: Þórdís Kolbrún Gylfadóttir ferðamála, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, Bjarni Júlíusson ráðgjafi, Einar Mathiesen Landsvirkjun og Gnýr Guðmundsson Landsneti.

Þá fór Lilja yfir starfsemi SSV á árinu og kynnti skipurit, stjórnarliða og starfsfólk. Hlutverk skrifstofu SSV er að halda utan um þau verkefni sem SSV eru falin með lögum, samningum sem SSV hefur við Bygðastofnun um atvinnuráðgjöf, við atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið og mennta- menningarmálaráðuneytið um Sóknaráætlun Vesturlands og Ferðamálastofu um

Áfangastaðaáætlun Vesturlands. Skrifstofa SSV hefur allt frá stofnun Sorpurðunnar Vesturlands árið 1999 haldið utan um rekstur félagsins. Í gildi er samningur um að SSV sinni þessu verkefni, auk þess hefur SSV samninga við Símenntunarmiðstöð Vesturlands og Starfsendurhæfingu Vesturlands um launaumsýslu. Í upphafi árs 2021 færðust starfsmenn Markaðsstofu Vesturlands yfir til SSV þegar sameining þessara aðila tók formlega gildi. Þeir voru þrír talsins, en auk þeirra voru tveir starfsmenn verkefnaráðnir við ferðaþjónustuverkefni hluta árs. Í árslok 2021 voru 12 starfsmenn hjá SSV í samtals 9,8 stöðugildum.

Í lögum SSV kemur fram að eitt af markmiðum samtakanna er að gæta hagsmuna sveitarfélaga á Vesturlandi. Þetta er gert með ýmsum hætti, á árinu áttu formaður og framkvæmdastjóri SSV fundi með fulltrúum annarra landshlutasamtaka, sátu fund landshlutasamtaka með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og tóku þátt í landsþingi sveitarfélaga sem og fjármálaráðsstefnu sveitarfélaga. Þarna voru ýmis málefni til umræðu. Stjórn SSV fær til umsagnar ýmis lagafrumvörp og sendi frá sér umsagnir um nokkur mál. Þá var fundað með nefndum alþingis, ráðuneytum og ríkisstofnunum vegna ýmissa mála. Þá skipulagði SSV fundi fyrir sveitarstjórnarfolk á Vesturlandi með ráðherrum og þingmönnum um ákveðin málefni

Annað af markmiðum SSV er að stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á Vesturlandi á málefnum sveitarfélaga. Áhersla hefur verið lögð á að efla heimasíðu SSV og metnaður hefur verið lagður í að vera með ýmiskonar tölfræði um Vesturland á síðunni, auk þessa að hafa aðgengilegar skýrslur og annað útgefið efni um landshlutann. Vífill Karlsson hagfræðingur á veg og vanda að þessum upplýsingum. Þá heldur SSV úti facebooksíðu og vefsíðu um Vesturland. Á árinu 2021 var farið í þá nýjung að starfsfolk SSV var með hlaðvarpsþætti um verkefni sem samtökin voru að vinna að eða áhugaverð verkefni sem aðilar á Vesturlandi voru að vinna. Alls voru framleiddir 9 hlaðvarpsþættir sem eru aðgengilegir á heimasíðu SSV. SSV átti aðila í vinnuhópi sem hefur verið að vinna að uppsetningu og velja efni inn á nýtt gagnatorg hjá Byggðastofnun. Þá gerði SSV samning við sjónvarpsstöðina N4 um birtingu efnis í þáttunum “Að vestan”.

Nýr samningur um Sóknaráætlun Vesturlands var gerður á árinu 2019 sem gildir fyrir árin 2020 til 2024. Samningurinn felur fyrst og fremst þrennt í sér: mörkun stefnu og framtíðarsýnar fyrir Vesturland, útfærslu og vinnu að sérstökum áhersliverkefnum fyrir landshlutann og rekstur á Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Stjórn SSV (12 fulltrúar) skipaði samráðsvettvang Vesturlands ásamt 18 einstaklingum sem komu frá atvinnulífi, fræðasamfélagi, menningarlífi og öðrum haghöfum. Samráðsvettvangurinn fundaði í einu sinni á árinu þar sem rætt var um áhersliverkefni sóknaráætlunar og farið yfir framgang hennar. Fjárveitingar til Sóknaráætlunar Vesturlands komu frá stjórnvöldum og sveitarfélögum á Vesturlandi. Alls hafði sóknaráætlun til umráða ríflega 120 m.kr. á árinu 2021.

Þá fór Lilja yfir áhersliverkefni Sóknaráætlunar sem eru, Nýsköpun og frumkvöðlar, Efling ferðaþjónustu, Matarauður Vesturlands, Blómstrandi menning, Betri samgöngur, Kolefnisspor Vesturlands, Fjórða iðnbyltingin, Viðburðir á Vesturlandi, Innflytjendur og vinnumarkaður, Velferð barna og ungmenna, Ungmennaning og Efling öldrunarþjónustu. Hluti verkefnanna lauk á árinu 2021 en önnur eru áfram í gangi á þessu ári og sum lengur. Uppbyggingarsjóður úthlutaði styrkjum að upphæð 60,3 mkr. á árinu í atvinnu- og nýsköpunarverkefni og menningarverkefni.

Í byggðaáætlun er 54 skilgreindar aðgerðir og eru landshlutasamtökin með framkvæmd á 20 verkefnum og samstarfsaðili í ýmsum öðrum. SSV vann á árinu 2021 að þremur verkefnum sem voru styrkt úr byggðaáætlun en það voru Nýsköpunarnet Vesturlands (NýVest), verkefni um úttekt á samstarfi safna á Vesturlandi og verkefni um samþættingu almenningsgangna og skólaaksturs í Borgarfirði og á Snæfellsnesi.

Þá sagði Lilja frá störfum atvinnuráðgjafar SSV sem starfar í samræmi við samning Byggðastofnunar við landshlutasamtök um atvinnuráðgjöf í landshlutunum. Í gegnum samninginn kom tæplega 24 m.kr. fjárstuðningur til reksturs atvinnuráðgjafar, en í samningnum eru ákveðin verkefni skilgreind og eru þau: Atvinnu- og byggðaðróun, atvinnuráðgjöf, nýsköpun, búsetuþættir, upplýsingaöflun og fræðslumál. Föst viðvera er á flestum þéttbýlisstöðum á Vesturlandi, þátttaka og verkstjórn á sameiginlegum verkefnum landshlutasamtaka sveitarfélaga, fyrirtækjakönnun, íbúakönnun landshluta, þátttaka í vinnuhópum og verkefnum, innlendum sem erlendum. Verkefnið Nýsköpunarnet Vesturlands fékk góðan stuðning úr byggðaáætlun og atvinnuráðgjöfin hefur haldið utan um undirbúningsvinnu í samráði við starfshóp. Vinna að verkefnum í sóknaráætlun og aðstoð við umsækjendur í uppbyggingarsjóð. Aðstoð við einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög á sviði atvinnumála, gerð rekstraráætlana, greininga og lánaumsókna, sem og leiðbeiningar við ýmiskonar verkefni og umsóknir í sjóði.

Lilja fór yfir menningar- og velferðarmálin. Menningar- og velferðarfulltrúi vinnur með vinnuhópi um öldrunarþjónustu, vinnuhópi um innflytjendur og Ungmennaráði Vesturlands. Á árinu var unnið að endurskoðun menningarstefnu Vesturlands ásamt ýmsum menningarverkefnum svo sem verkefni um samstarf safna sem fékk stuðning úr byggðaáætlun. Þá er þjónusta við Uppbyggingarsjóð talsverð sem felst í ráðgjöf við umsækjendur í uppbyggingarsjóð og eftirfylgni með styrkveitingum og mat á framgangi verkefna.

Þá sagði Lilja frá starfsemi áfangastaða- og markaðssviðs SSV sem heldur utan um verkefni tengd ferðaþjónustu, en Markaðsstofa Vesturlands er hluti af þessu sviði. Verkefni sviðsins eru margþætt en þar má nefna, stefnumótun, úttektir og ráðgjöf varðandi uppbyggingu innviða á áningarstöðum og útivistarleiðum á Vesturlandi. Þar er aðallega unnið með sveitarfélögum og landeigendum. Einnig eru unnið að þróunarverkefnum sem tengjast þróun gæða, vöru og þjónustu á Vesturlandi, unnið með hagaðilum og stoðþjónustu ferðamála, unnið að markaðsverkefni – markaðssetning og kynning á sérstöðu, seglum og þjónustu á Vesturlandi. Unnið er með hagaðilum ferðamála á Vesturlandi sem gert hafa samstarfssamning við Markaðsstofu Vesturlands og öðrum stofnunum í stoðþjónustu ferða- og markaðsmála á Íslandi. Að lokum fór Lilja í yfirferð á áhersluverkefnum Áfangastaðaáætlunar á árinu 2021.

Fundarstjóri þakkaði Lilju fyrir framsögu um ársskýrslu og opnað fyrir umræðu og spurningar um hana.

Fundarstjóri gerði grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Það vantaði 1 fulltrúa frá Eyja- og Miklaholtshreppi.

Fundarstjóri sagði fund löglegan.  
Fundarstjóri þakkaði kjörbréfanefnd fyrir.

## 2. ÁRSREIKNINGUR SSV

---

Páll S. Brynjarsson, framkvæmdastjóri SSV kynnti ársreikning SSV

### Rekstrarreikningur

- Tekjur kr. 178.399.858
- Gjöld kr. 175.488.044
- Vaxtagjöld kr. 365.175
- Rekstrarniðurstaða **kr. 2.546.639**
  
- Efnahagsreikningur
  - Eignir kr. 222.959.337 (Fasteign, bifreiðar, búnaður, kröfur og handbært fé)
  - Skuldir kr.132.906.454 (Skammtímaskuldir, óútgreiddir styrkir, langtímaskuld)
  - Eiginfjárreikningur kr. 90.052.863
  
- Sjóðstreymi
  - Veltufé kr. 3.882.336
  - Handbært fé kr. 164.973.346

### Þá fór Páll yfir Sóknaráætlun 2021

- Sóknaráætlun 2021
  - Framlög frá ríki og sveitarfélögum samtals **kr. 122.384.345**
    - Hefðbundin framlög kr. 100.821.753
    - Verkefnatengd framlög kr. 9.030.092
    - Framlag sveitarfélaga kr. 12.532.500
  
  - Notað árið 2021 **kr. 107.555.140**
    - Uppbyggingarsjóður kr. 60.300.000
    - Áhersluverkefni kr. 38.455.140
    - Umsjón kr. 12.000.000
    - Niðurfelldir styrkir kr. 3.200.000
  
- Efnahagsreikningur, áhrif sóknaráætlunar
  - Eignir, óinnheimtar tekjur v. Sóknaráætlunar kr. 12.000.000
  - Skammtímaskuldir, ógreiddir styrkir kr. 47.455.000
  - Skammtímaskuldir, ógreiddur kostnaður kr. 904.548
  - Óúthlutað í árslok kr. 64.279.898

Fundarstjóri þakkaði Páli fyrir framsögu um ársreikning

Þá opnaði fundarstjóri fyrir umræður og fyrirspurnir um ársreikning.

Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninga til samþykkis.

Skýrsla stjórnar SSV 2021 – **Samþykkt samhljóða**  
Ársreikningur SSV 2021 – **Samþykkt samhljóða**

### 3. FJÁRHAGSÁÆTLUN 2022

---

Var samþykkt á Haustþingi 2021.

### 4. STARFSÁÆTLUN 2022

---

Var samþykkt á Haustþingi 2021.

### 5. KOSNING STJÓRNAR OG VARASTJÓRNAR

---

Samkvæmt lögum SSV skal kosning stjórnar og varastjórnar fara fram annað hvert ár. Kosið var í stjórn á aðalfundi 2020. Ný stjórn verður kosin á aukaaðalfundi sem fer fram í júní 2022.

### 6. KOSNING Í NEFNDIR SEM STARFA Á MILLI AÐALFUNDA

---

Aðalfundur þarf ekki að kjósa í neinar nefndir að þessu sinni.

### 7. ÁKVÖRÐUN UM LAUN OG ÞÓKNUN TIL STJÓRNAR OG NEFNDA Á VEGUM SSV

---

Á aðalfundi SSV 2021 var nokkur umræða um breytingar á launum stjórnar SSV og nefnda á vegum samtakanna. Niðurstaða umræðu varð sú að gera ekki breytingar, en að vísa málinu til frekari umræðu á vettvangi stjórnar. Stjórn SSV ræddi launakjör stjórnar á fundi sínum 2 mars s.l. og hafði til hliðsjónar launakjör hjá öðrum landshlutum og forsendur launagreiðslna. Niðurstaða umræðu stjórnar var að rétt væri að endurskoða forsendur launagreiðslna út frá eftirfarandi forsendum:

- Laun væru áfram tengd þingfararkaupi
- Formaður fengi fastar mánaðargreiðslur fyrir störf sín, en ekki greitt sérstaklega fyrir aðra fundi en stjórnarfundi.
- Fastar dagpeningagreiðslur fyrir stjórnarfundi falla niður.

Stjórn samþykkti að skipa þau Lilju B. Ágústsdóttur formann, Eyjólf Ingva Bjarnason varaformann og Jakob B. Jakobsson ritara í vinnuhóp og leggja fram tillögu að launum stjórnar SSV og nefnda á aðalfundi 2022.

Hópurinn samþykkti að leggja fram eftirfarandi tillögu



### **Laun stjórnar**

Vinnuhópurinn leggur til eftirfarandi tillögu á launum stjórnar:

- Mánaðarlaun formanns 8% af þingfararkaupi
- Laun formanns fyrir að stjórna fundi SSV 4,5%
- Laun stjórnarmanna 4,0%
- Dagpeningar teknir út

Þetta þýðir að launakostnaður stjórnar hækkar um 1.618 þúsund á ári ef haldnir eru 8 fundir eins og reynsla hefur verið undanfarin ár. Lagt er til að þessar breytingar taki gildi frá 1. júlí 2022. Því er áætlað að kostnaður SSV við stjórnarlaun hækki um 809.000 árið 2022. Þessi kostnaður verður fjármagnaður með hærri tekjum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, en þær verða um 2 m.kr. hærri en áætlað var.

Aksturskostnaður verður greiddur samkvæmt akstursdagbók

### **Laun nefnda**

Úthlutunarnefnd og fagráð Uppbyggingarsjóðs Vesturlands eru einu föstu nefndirnar undir SSV í dag. Nokkuð er um að skipaðir séu vinnuhópar til að stýra ákveðnum verkefnum undir Sóknaráætlun Vesturlands, en þeir eru alla jafna fjármagnaðir sérstaklega í gegnum viðkomandi verkefni.

Vinnuhópurinn leggur til eftirfarandi breytingar á launum nefnda:

- Laun formanns nefndar 4,0%
- Laun nefndarmanna 2,5%
- Dagpeningar teknir út

Þetta þýðir að launakostnaður úthlutunarnefndar og fagráðs uppbyggingarsjóðs hækkar um 149 þúsund á ári ef haldnir eru annars vegar 4 fundir í úthlutunarnefnd og hins vegar 3 fundir í fagráði. Lagt er til að þessar breytingar taki gildi frá 1. júlí 2022, en allir fundir þessara nefnda verða á síðari hluta ársins.

Aksturskostnaður verður greiddur samkvæmt akstursdagbók.

Fundarstjóri bar upp tillögu um laun stjórnar

**Samþykkt samhljóða**

Fundarstjóri bar upp tillögu um laun nefnda

**Samþykkt samhljóða**

## **8. KOSNING ENDURSKOÐENDA**

---

Lagt var til að KPMG endurskoði ársreikninga SSV og tengdra aðila á árinu 2022.

**Samþykkt samhljóða.**

---

## 9. ÖNNUR MÁL LÖGLEGA BORIN FRAM

---

### **Tillaga um lagabreytingu**

Lögð var fram tillaga að breytingum á 3 gr. laga SSV sem fjallar um hvenær kosið er til stjórnar SSV á kosningaári. Í lögum SSV var gert ráð fyrir því að á kosningaári sé kosið í stjórn á haustþingi, en ný tillaga gerir ráð fyrir að á kosningarári verði stjórn kosin á aukaaðalfundi.

### **Tillaga að 3 gr.**

Aðalfundur skal haldinn, eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Stjórn samtakanna boðar til hans með sannanlegum hætti með minnst þriggja vikna fyrirvara og skal skýrsla stjórnar og ársreikningur fylgja fundarboðinu. Dagskrá skal send eigi síðar en tíu dögum fyrir fund. Aðalfundurinn er lögmætur, ef hann er löglega boðaður. Á kosningaári sveitarstjórna skal halda aukaaðalfund eigi síðar en 1. júlí þar sem kosin skal ný stjórn.

### **Greinargerð**

Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er lögð fram er sú að eftir kosningar 2018 var það rætt innan stjórnar SSV, að það væri óheppilegt að þeir fulltrúar í stjórn sem höfðu látið af störfum sem sveitarstjórnarfulltrúar sætu áfram stjórn SSV í allt að 4 mánuði frá því að þeir létu af störfum sem sveitarstjórnarfulltrúar. Haustþing skal samkvæmt lögum SSV fara fram í september og nú liggur fyrir að sveitarstjórnarkosningar mun fara fram 14 maí. Þannig að sá tími sem líður á milli sveitarstjórnarkosninga og haustþings er að lengjast ef eitthvað er.

Þessi tillaga er því sett fram í þeim tilgangi að tryggja að þeir sem sitja í stjórn SSV hverju sinni hafi skýrt umboð sinna sveitarstjórna til stjórnarsetu.

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna.

Umræður sköpuðust og kom fram hugmynd um að nýta auka aðalfundardaginn í góða kynningu fyrir nýkjörna fulltrúa og/eða námskeið.

Fundarstjóri bar upp tillögu um lagabreytingu

### **Samþykkt samhljóða**

Eyjólfur Ingvi Bjarnason kvaddi sér hljóðs og ræddi matvælaframleiðslu og stöðu bændastéttarinnar. Hann sagði að það hefði þegar sýnt sig að stríðið í Úkraínu hefði haft mikil áhrif á verð á ýmsum aðföngum sem leiddi til hækkunar á framleiðslukostnaði og matvælaverði á Íslandi. Því væri mikilvægt að leita allra leiða til þess hlúa að matvælaframleiðsla og auka fæðuöryggi. Hljóðið væri þungt í bændum og nauðsynlegt væri að hækka afurðarverð. Staða margra bænda væri þannig að til þess að lifa af yrðu þeir að vinna utan bús og því væri vinnutími langur. Hann velti upp þeirri spurningu hvort mikið vinnuálag gæti haft áhrif á líðan nemenda í skólum og aukna þörf fyrir félagsþjónustu á svæðum þar sem landbúnaður væri stór atvinnugrein. Hann sagði jafnframt að þetta mikla álag á bændum almennt gæti leitt til þess að þeir nái ekki að viðhalda eða auka þekking sína í landbúnaði og á matvælaframleiðslu og þetta gæti í framtíðinni staðið í vegi fyrir eðlilegri framþróun. Því yrði að leita allra leiða til þess að bæta stöðu bændastéttarinnar.

Kristinn Jónasson tók undir áhyggjur Eyjólfss og velti upp þeirri spurningu hvort SSV gæti gert eitthvað til að vekja athygli á þessari stöðu og hvernig við sem samfélag getum brugðist við.

Björg Ágústsdóttir steig næst í pontu og gerði byggðapróun að umræðuefni og hvort við þyrftum að leita nýrra leiða og nota aðrar aðferðir til þess að sækja fram fyrir landsbyggðina. Hún velti upp þeirri spurningu hvort við þyrftum að endurskoða uppbyggingu stoðkerfis byggðapróunar. Er t.d. rétt að færa verkefni frá Byggðastofnun til landshlutasamtaka og færa þau þar með nær heimafólki. Við þurfum að horfa fram í tímann, hvert viljum við stefna með byggðirnar okkar. Við sveitarstjórnarfólk erum föst í okkar daglegu praktískum úrlausnarefnum, okkur vantar að horfa fram á veginn og lengra inn í framtíðina. Þetta er ekki góð þróun og er komin tími til að skoða róttækar aðgerðir.

Páll þakkaði fyrir umræðuna og lagði til að þetta kæmi fram í fundargerð og yrði síðan tekið fyrir í stjórn SSV.

Linda Björk Pálsdóttir fundarstjóri þakkaði fyrir sig og góðan fund.

Eyjólfur Ingvi varaformaður SSV kom upp og þakkaði fyrir fundinn og óskaði öllum góðrar heimferðar og sleit fundi kl. 15:28.